



Fundargerð

481. fundur sveitarstjórnar Skaftárrepps haldinn í fundaraöstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, miðvikudaginn 19. október 2022, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jansson, Einar Kristján Jónsson og Karl Antonsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, oddviti, bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn.

Fundargerðir til samþykktar:

1. 2210041 - Menningarnefnd - 109. fundur.

Fundargerð frá 109. fundi menningarnefndar, sem haldinn var þann 12. september 2022

Fundarefni lagt fyrir sveitarstjórn til staðfestingar og/eða kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn staðfestir ákvarðanir menninganefndar

2. 2209006F - Skipulagsnefnd Skaftárrepps - 178. fundur

Fundargerð frá 178. fundi skipulagsnefndar, sem haldinn var þann 4. október 2022

Fundarefni lagt fyrir sveitarstjórn til staðfestingar og/eða kynningar.

2.1 1812001 - Vindorkurannsóknir í landi Grímsstaða

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 178

Skipulagsnefnd þakkar þeim Karen Maríu, Amadine og Friðjóni frá Qair fyrir góða kynningu.

Lagt fram til kynningar.

2.2 2210001 - Fjaðrárgljúfur - óskað eftir breytingu á dsk

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 178

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

BHS
Shi. J.G.
GBS

Ah



2.3 2010008 - Svæðisskipulag Suðurhálendis

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 178

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að koma á fundi með verkræðistofunni Eflu varðandi greinargerðina fyrir svæðiskipulag Suðurhálendis.

Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa, að koma á sameiginlegum fundi með verkræðistofunni Eflu og sveitarstjórn sem fyrst.

2.4 2010007 - Deiliskipulag milli Klausturvegar og Skaftár

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 178

Skipulagsnefnd felur þeim Margréti og Kristínu hjá Landmótun að setja saman drög af lýsingu fyrir deiliskipulagssvæðið milli Klausturvegar og Skaftár.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

2.5 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 178

Margrét og Kristín fóru í gegnum athugasemdir sem fram eru komnar og drög að viðbrögðum við þeim. Ekki náðist að fara yfir allar innkomnar athugasemdir, fundað verður yfir netið í næstu viku til að ljúka fyrstu yfirferð. Skipulags- og byggingarfulltrúi boðar fundinn.

Lagt fram til kynningar

4. 2210019 - Fræðslunefnd Skaftárhrepps - 180. fundur

Fundargerð frá 180. fundi fræðslunefndar, sem haldinn var þann 17. október 2022

Fundarefni lagt fyrir sveitarstjórn til staðfestingar og/eða kynningar.

Lagt fram til kynningar.

BHS
Shi. J.S.
GFS
Ake



5. 2210004 - 3. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu.

Fyrir fundinum liggur fundargerð 3. fundar félagsmálanefndar, sem haldinn var þann 29. september 2022.

Sveitarstjórn tók til afgreiðslu 1. lið í fyrirliggjandi fundargerð, endurskoðun á reglum um stuðningsþjónustu við fólk 18 ára og eldra. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða endurskoðaðar reglur. Sveitarstjórn tók til afgreiðslu 2. lið í fyrirliggjandi fundargerð, endurskoðun á reglum um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða endurskoðaðar reglur.

Sveitarstjórn tók til afgreiðslu 3. lið í fyrirliggjandi fundargerð, endurskoðun á reglum um starfsfólk félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafelssýslu sem veita stoð og stuðningsþjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða endurskoðaðar reglur.

6. 2210015 - Húsnaðissjálfseignarstofnunin Arnardrangur - auka fundur stofnenda.

Fyrir fundinum liggur fundargerð auka fundar stofnenda sem haldinn var þann 7. október 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samþykktir fyrir Arnardrang hses. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stjórnarkjör.

Fundargerðir til kynningar:

7. 2209025 - Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) - 586. fundur.
Fyrir fundinum liggur fundargerð 586. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var þann 2. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

8. 2210032 - Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) - 587. fundur.
Fyrir fundinum liggur fundargerð 587. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var þann 7. október 2022.

Lagt fram til kynningar.

BHS
Shi
J.G.
GPS
Ake



9. 2209018 - Bergrisinn bs. - auka aðalfundur

Fyrir fundinum liggur fundargerð auka aðalfundar Bergrisans bs., sem haldinn var þann 30. júní 2022.

Lagt fram til kynningar.

10. 2209017 - Bergrisinn bs. - 42. stjórnarfundur.

Fyrir fundinum liggur fundargerð 42. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var þann 23. ágúst 2022.

Lagt fram til kynningar.

11. 2209032 - Bergrisinn bs. - 43. stjórnarfundur.

Fyrir fundinum liggur fundargerð 43. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var þann 6. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

12. 2209033 - Bergrisinn bs. - 44. stjórnarfundur.

Fyrir fundinum liggur fundargerð 44. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var þann 14. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

13. 2209036 - Samráðsfundar sambandsins með fræðslustjórum og sveitarstjórum.

Fyrir fundinum liggur fundargerð 20. samráðsfundar sambandsins með fræðslustjórum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofur fræðslustjórar.

Lagt fram til kynningar.

14. 2209037 - Katla jarðvangur - 64. fundur stjórnar

Fyrir fundinum liggur fundargerð 64. fundar stjórnar Köllu jarðvangs, sem haldinn var þann 23. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

BHS
shri J.G
GPS
Ab.



15. 2210002 - Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla - 138 fundur

Fyrir fundinum liggur fundargerð 138. fundar rekstrarnefndar, sem haldinn var þann 27. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

16. 2210005 - Almannavarnamefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafelssýslu
Fyrir fundinum liggur fundargerð Almannavarnarnefndar, sem haldinn var þann 3. október 2022.

Lagt fram til kynningar.

17. 2210006 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 221. fundur.

Fyrir fundinum liggur fundargerð 221. fundar heilbrigðisnefndar, sem haldinn var þann 23. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

18. 2209024 - Svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarðar - 104. fundur
Fyrir fundinum liggur fundargerð 104. fundar Svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarðar, sem haldinn var þann 14. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

19. 2210014 - Svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarðar - 105. fundur
Fyrir fundinum liggur fundargerð 105. fundar Svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarðar, sem haldinn var þann 12. október 2022.

Lagt fram til kynningar.

20. 2210016 - Byggðasamlag um félags- og skólapjónustu - 64. fundur.
Fyrir fundinum liggur fundargerð 64. fundar stjórnar Byggðasamlangs um félags- og skólapjónustu, sem haldinn var þann 7. október 2022.

Lagt fram til kynningar.

BHS
Shi
JG
GBS
Aks



21. 2210042 - Svæðisskipulag Suðurhálendis

Fyrir fundinum liggur fundargerð 20. fundar vegna svæðisskipulags Suðurhálendis, sem haldinn var þann 27. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

22. 2208010 - Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi.

Fyrir fundinum liggur tölvupóstur frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsettur 17. ágúst 2022.

Sýslumaðurinn, Kristín Þórðardóttir, óskar eftir fundi vegna samráðs sýslumanns og sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að finna fundartíma í samráði við sýslumann

23. 2209022 - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi, Grænigarður, Seglbúðir 2.

Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 13. september 2022, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis í Grænagarði. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili.

Staðsetning gististaðarins er Seglbúðir 2, fastanúmer: 219-0335.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

24. 2209023 - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi, Orustustaðir

Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 28. júlí 2022, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis á Orustustöðum. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-G íbúðir.

Staðsetning gististaðarins er Orustustaðavegur 1A, fastanúmer: 251-2239.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Tafir hafa orðið á afgreiðslu umsóknar m.a. vegna skipulags og verkefna sveitarstjórnar í kjölfar sveitarstjórnarkosninga og þess að loka- og öryggisúttekt hefur farið fram eftir að umsagnarbeiðni barst.

Umsókn vegna rekstrarleyfis varðar byggingar sem reistar voru á grundvelli byggingarleyfis, sem gefið var út á árinu 2020. Samhliða umfjöllun um byggingarleyfi fyrir starfsmannahúsunum samþykkti sveitarfélagið fyrir sitt leyti að fallast á vegbætur að Orustustöðum, með fyrirvara um samþykki landeigenda. Samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald á umsögn sveitarfélags að varða eftirgreinda þætti, sbr. 4. mgr. 10. gr.:

Leyfisveitandi skal leita umsagna eftirtalinna aðila í því umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð og skulu umsagnir vera skýrar og rökstuddar:

BHS
JG
GPS

Shi
1418
Ak.

**1. Sveitarstjórnar sem m.a. staðfestir eftirfarandi atriði:**

- a. að starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála,
- b. að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu,
- c. að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um,
- d. að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og, þegar við á, mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist,
- e. að kröfum um brunavarnir sé fullnægt samkvæmt mati slökkviliðs.

Byggingarleyfi þeirra bygginga sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir hvíldi á því að um væri að ræða starfsmannahús vegna væntanlegrar hótelbyggingar, sbr. deiliskipulag fyrir svæðið. Starfsemi gistireksturs á svæðinu verður að skoða í ljósi þeirra skipulagsskilmála sem gilda samkvæmt deiliskipulagi svæðisins. Bygging umræddra húsa var ekki ráðgerð til gistirekstrar en svæðið er hins vegar skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Notkun viðkomandi húsnæðis til gistirekstrar samræmist því deiliskipulagi, eftir breytingu á skráðri notkun húsnæðisins, sbr. lagfæringer sem farið hafa fram á því. Það virðist hins vegar æskilegt að endurskoða deiliskipulag varðandi frágang og uppbyggingu annarrar aðstöðu á svæðinu vegna þessarar breytinga.

Samkvæmt byggingafulltrúa fór forhluti lokaúttektar fram 22. júlí 2022, en þá voru settar fram athugasemdir m.a. í ljósi fyrirhugaðrar notkunar á byggingunum til gistirekstrar. Loka- og öryggisúttekt fór fram 23. september 2022. Þar kemur fram að brugðist hafi verið við athugasemdum sem settar voru fram, t.d. varðandi kröfur um brunavarnir, lofræstingu, brunavöktun og aðgengi. Þá hafi vinna vegna uppsetningar brunahana sem tengdur var nýrri borholu fyrir slökkvivatn verið væntanleg á næstu dögum. Einnig var upplýst að vinna vegna breytinga á deiliskipulagi væri hafin, en í því fellst að umsækjandi hefur í hyggju að óska eftir deiliskipulagsbreytingu sem varðar endurskoðun á gildandi deiliskipulagi.

Í umfjöllun slökkviliðsstjóra kemur fram að eldvarnareftirlit gerir ekki athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir fasteignina Orustustaðavegur 1A fnr. 251-2239 fyrir gisting flokk II G-Íbúðir. Jafnframt kemur fram að bregðast skuli við gerðum athugasemdum varðandi brunavarnir fyrir 1.3.2023 í samræmi við umsögn skipulags og byggingafulltrúa Skaftárrepps.

Með vísan til alls framangreind veitir sveitarstjórn jákvæða umsögn um rekstrarleyfi, enda verði það tímabundið til allt að sex mánaða. Sérstaklega er vísað til þess að fara þarf yfir frágang brunahana sem ekki var kominn upp við loka- og öryggisúttekt, og að umsækjandi þurfi að senda inn erindi/tillögur sem varða óskir hans um breytingar á deiliskipulagi á svæðinu.

Ofangreint samþykkt með fjórum atkvæðum, einn situr hjá.

AB
BHS
JG
GES
SRI

**Björn Helgi lagði fram eftirfarandi bókun:**

Eins og fram kemur í bókun sveitarstjórnar hér á undan að umsögn vegna rekstrarleyfis varðar byggingar sem reistar voru á grundvelli byggingarleyfis, sem gefið var út á árinu 2020. Samhliða umfjöllun um byggingaleyfi fyrir starfsmannahúsunum samþykkti sveitarfélagið fyrir sitt leyti að fallast á vegbætur að Orustustöðum, með fyrirvara um samþykki landeiganda". (Tilvitnun lýkur)

Ljóst er að samþykki landeigenda hefur ekki legið fyrir vegna þeirra vegabóta sem unnar hafa verið á þeim vegi sem ætlað er að taka við umferð þeirra næturgesta sem að Orustustöðum koma til gistingar. Þar sem aðkomuvegur að Orustustöðum samkvæmt gildandi skipulagi hefur ekki verið lagður og jörðin Orustustaðir telst án vegtenginar, eins og fram kemur bæði í greinargerðum með breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps og deilisskipulaginu fyrir hótel á Orustustöðum, tel ég ekki rétt á meðan málum er þannig háttáð, að veita leyfi vegna reksturs gististaðar við Orustustaðaveg 1A, með fastanúmerið 251-2239. Jafnframt er rétt að geta þess að framkoma landeiganda Orustustaða í garð nágranna sinna og sveitarstjórnar samanber bréf, sjá dagskrálið númer 47 hér á þessum fundi, hefur ekki verið málinu til framdráttar. Á þeim grundvelli sit ég því hjá við afgreiðslu sveitarstjórnar um að veita jákvæða umsögn vegna rekstarleyfis í flokki II G- íbúðir, að Orustustöðum.

25. 2209021 - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi, Veiðihúsið Hemru

Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 25. ágúst 2021, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis veiðihúsins við Hemru. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-G íbúðir.

Staðsetning gististaðarins er Hemra, fastanúmer: 219-0965.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

26. 2209026 - Umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni, samningur

Fyrir fundinum liggur bréf frá Múlapingi, dagsett 7. september 2022, ásamt samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu ásamt fylgigögnum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning vegna umdæmisráðs á landsvísu vegna barnaverndarþjónustu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

B HS Ab.
sni J.G.
ges



27. 2209035 - Bréf frá SASS vegna heimavistar FSu

Fyrir fundinum liggur, tölvupóstur, dagsettur 6. september 2022. Óskað er eftir tilnefningu fulltrúa frá Rangárþingi eystra í starfshóp um heimavist við Fjölbautaskóla Suðurlands sem stjórn SASS samþykkti að skipað yrði í á síðasta stjórnarfundi SASS. Lagt er til að hópinn skipi tvo fulltrúa frá sveitarfélögum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu, einn fulltrúi frá skólanefnd FSu, einn fulltrúi frá sveitarfélagini Árborg og einn fulltrúi frá Ungmennaráði Suðurlands. Hópnum er falið að kortleggja mögulegar leiðir, til lengri og skemmti tíma, til þess að tryggja heimavist við skólann.

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu í starfshóp um heimavist við FSu, verði Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra og Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

28. 2210003 - Bréf frá Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu, dagsett 28.09.2022

Fyrir fundinum liggur bréf frá Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu, dagsett, 28. september 2022.
Óskað er eftir fjárstyrk til æskulýðsnefndarinnar.

Sveitarstjórn vísar beiðni um fjárstyrk til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2023.

29. 2210017 - Bréf frá Samtökum orkusveitarfélaga.

Fyrir fundinum liggur bréf, dagsett 10. október 2022, frá Samtökum orkusveitarfélaga, þar sem óskað er eftir því að Skaftárhreppur gerist aðili að samtökunum. Jafnframt er greint frá því að aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn 11. nóvember 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Skaftárhreppur sæki um aðild að Samtökum orkusveitarfélaga.

Sveitarstjóra falið að ganga frá erindinu.

Einar Kristján Jónsson, vek af fundi undir þessum lið

30. 2210018 - Bréf frá íbúa sveitarfélagsins.

Fyrir fundinum liggur bréf, ódagsett, frá Gabrél Fannari Unasyni, nemenda í 6. bekk, Kirkjubæjarskóla á Síðu.
Gabrél Fannar óskar eftir aðstoð sveitarfélagsins um bíó (kvíkmyndahús)

Sveitarstjórn þakkar Gabrél Fannari fyrir erindið og samþykkir samhljóða að vísa málinu til menningarmálanefndar, sveitarfélagsins, með ósk um að nefndin athugi þann möguleika að hafa kvíkmyndasýningar á Kirkjubæjarklaustri í samvinnu við stóru kvíkmyndahúsin á höfuðborgarsvæðinu.

AL
BHS
J.G.
Ski GES



31. 2210024 - Kosning í stjórn Kirkjubæjarstofu skv. samþykktum sveitarfélagsins
Skv. 41. gr. B liðar 6. liðar, samþykkta um stjórn og fundarskóp Skaftárhrepps nr. 1530/2020, kýs sveitarstjórn tvo fulltrúa og tvo til vara í stjórn Kirkjubæjarstofu. Samkvæmt samþykktum Kirkjubæjarstofu skal annar fulltrúi Skaftárhrepps jafnframt vera formaður stjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að Auður Guðbjörnsdóttir og Einar Kristján Jónsson, verði aðalmenn og Jóhannes Gissurarson og Gunnar Pétur Sigmarsson verði varamenn í stjórn Kirkjubæjarstofu. Auður Guðbjörnsdóttir verði jafnframt formaður stjórnar Kirkjubæjarstofu.

32. 2210023 - Bréf frá Kirkjubæjarstofu, þekkingarseturs
Fyrir fundinum liggur, bréf, ódagsett, þar sem óskað er eftir styrk vegna 25. ára afmælis Kirkjubæjarstofu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Kirkjubæjarstofu allt að 250.000 krónur í styrk, vegna hátíðarhalda vegna 25 ára afmælis stofunnar.
Styrkurinn tekinn af deild 0574 lykli 4392.

33. 2210022 - Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2023, ákvörðun um fasteignaskatt.
Fyrir fundinum liggur, ákvörðun um fasteignaskatt fyrir árið 2023, svo sem fasteignaskattsprósentur, fjölda gjalddaga ofl.

Sveitarstjóri lagði fram ákvörðun um fasteignaskatt vegna ársins 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftifarandi:

Fasteignaskattsprósentur gilda fyrir árið 2023:

A flokkur: 0,625%

B flokkur: 1,32%

C flokkur: 1,65%

Holræsagjald: 0,25% af fasteignamati húss- og lóðar í þéttbýlinu á Kirkjubæjklaustri.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2023 eru eftifarandi:

Fasteignagjöld undir 30.000- kr. gjalddagi 1. febrúar.

Fasteignagjöld að upphæð 30.001 til 150.000 kr. gjalddagar 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní og 1. júlí.

Fasteignagjöld 150.001 kr. og hærri, gjalddagar 1. febrúar, 1. mars og 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

Eindagar fasteignagjalda eru 30 dögum eftir gjalddaga.

Al. BIS
Ski. J.G.
Ges



34. 2210021 - Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2023, ákvörðun um útsvarshlutfall.
Fyrir fundinum liggur, ákvörðun um að útsvarshlutfall verði 14,52% sem lagður verður á tekjur manna á árinu 2023.

Sveitarstjóri lagði fram ákvörðun um útsvarshlutfall.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útsvarshlutfall verður 14,52 % sem lagður verður á tekjur manna á árinu 2023 skv. lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

35. 2210025 - Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2023, reglur um afslátt af fasteignagjöldum
Fyrir fundinum liggja, reglur um afslátt af fasteignagjöldum á árinu 2023.

Sveitarstjóri lagði fram reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2023.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi reglur.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 86.000 á árinu 2023. Afsláttur er reiknaður til bráðabirgða við upphafsálagningu og er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna samkvæmt síðasta skattframtali, þ.e. vegna tekna ársins 2021. Hámarks afsláttarupphæð við upphafsálagningu er 43.000 kr. Þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna ársins 2022 verður afsláttur endurskoðaður og leiðréttur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

- með tekjur allt að 4.288.000 kr. fullur afsláttur skv. 4. gr.
- með tekjur yfir 5.782.000 kr. enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- með tekjur allt að 5.580.000 kr. fullur afsláttur skv. 4. gr.
- með tekjur yfir 7.556.000 kr. enginn afsláttur.

36. 2210029 - Reglur vegna ráðninga starfsmanna og starfsmannamál í Skaftárhreppi

Reglur þessar eru settar með vísan til 56. gr. sveitarstjórmarlaga nr. 138/2011 og 46. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps, nr. 1530/2020.

Sveitarstjóri lagði fram reglur um ráðningu starfsmanna og starfsmannamál í Skaftárhreppi.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi reglur.

BHS

Ala JG
Shi GR



37. 2210031 - Málefni mótneytis Skaftárhrepps

Undir þessum lið verður rætt um framtíðar fyrirkomulag á rekstri mótneytis sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri lagði til að mótneyti Skaftárhrepps yrði B-deild sveitarfélagsins frá og með 1. janúar 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, þessa ráðstöfun út rekstrarárið 2023 til reynslu.

38. 2210033 - Hugmyndasamkeppni um staðsetningu og rekstur menningar- og listaseturs

Oddviti lagði fram eftirfarandi:

Um alllangt skeið hefur verið unnið að því að koma á fót Errósetri á Kirkjubæjarklaustri. Hugmyndin hefur gengið út á uppbyggingu þess í tengslum við þekkingarsetrið sem er til húsa í heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla. Ljóst er að uppbyggingaráform af þessari stærðargráðu þarfnað ítarlegrar greiningar, jafnt með tilliti til staðsetningar, útfærslu hönnunar, sem og með hvaða hætti rekstrarfyrirkomulag þess verði best tryggt til framtíðar. Til þess að tryggja sem besta sátt um þessa þætti alla mun Skaftárhreppur auglýsa eftir ráðgjafa, eða ráðgjafafyrirtæki til að vera ráðgefandi fyrir sveitarfélagið með framtíðaruppbyggingu á menningar- og listrasetri sem ferðamannastað og gestastofu Errósetur í huga. Skaftárhreppur áformar að gera tímabundinn samning við hæfan umsækjanda um verkefnið. Nauðsynlegt er að þáttakandi hafi reynslu af ráðgjafastörfum.

Starfsvið:

Greining á staðsetningu og sambættingu við annan rekstur

Greining og þróun á tækifærum á skilgreindu svæði og gestastofu

Gerð stefnumótunar fyrir verkefnið

Greining á rekstrarmódeli verkefnis

Greining á tímaáætlun og mílusteinum verkefnis

Samskipti við hagsmunaaðila

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða að leita til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, vegna ofangreinds verkefnis og að ráðuneytið leggi til þess fjármagn á móti sveitarfélagini.

Mál til kynningar:

39. 2209019 - Tilkynning um niðurfellingu Bakkakotsvegur 2 af vegskrá.

Fyrir fundinum liggur afrit af bréfi Vegagerðarinnar, dagsett, 12. september 2022, til Ríkiseigna. Vegagerðin tilkynnir með bréfi þessu um niðurfellingu Bakkakotsvegur 2 (2147-01) í Skaftárhreppi, af vegskrá.

Sveitarstjórn finnst þykir miður vinnubrögð Vegagerðarinnar í þessu máli sem og öðrum málum þar sem vegir innan sveitarfélagsins eru teknir af vegaskrá.

AG.
BTH
SNI J.G.
Ges



40. 2209027 - Bókun byggðaráðs vegna starfshóps um heimavist við FSU
Fyrir fundinum liggur bókun byggðaráðs Rangárþings eystra, frá 15. september 2022, vegna starfshós um heimavist við FSU.

Lagt fram til kynningar.

41. 2209029 - Tölvupóstur frá nemendum 8.-10 bekk.
Fyrir fundinum liggur, tölvupóstur, dagsettur, 12. september 2022, frá nemendum í 8.-10 bekk Kirkjubæjarskóla á Síðu. Nemendumir senda ábendingar um ýmis atriði sem þeim liggur á hjarta og langar til að breyta í sveitarféluginu.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn þakkar nemendum 8.- 10 bekkjar fyrir erindið.

42. 2210008 - Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.
Fyrir fundinum liggur bréf Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dagsett, 3. október 2022, samrit til allra sveitarfélaga á starfssvæðinu.

Lagt fram til kynningar.

43. 2210010 - Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnum, ráðum og nefndum.
Fyrir fundinum liggja drög af samþykktum sem byggir á greinum 25. gr. og 38. gr. í Samþykktum um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 1530/2020. Samþykktin fjallar um þóknun sveitarstjórmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórm í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar. Afgreiðslu frestað.

44. 2210028 - Breytingar á samþykktum sveitarfélagsins
Fyrir fundinum liggja til kynningar breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.

Lagt fram til kynningar. Afgreiðslu frestað.

45. 2210011 - Tölvupóstur frá oddvita Rangárþings eystra.
Fyrir fundinum liggur tölvupóstur frá Tómasi Birgi Magnússyni, oddvita, vegna starfsemi Köllu jarðvangs, dagsettur, 22. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

A.G.
B.H.S
J.G.
S.M. G.P.S



46. 2209031 - Tölvupóstur frá Landslögum, dagsettur 21. september 2022,
Orustustaðir, leyfisveitingar

Fyrir fundinum liggar tölvupóstur frá Landslögum, Ívari Pálssyni hrl. fyrir hönd Hreiðars Hermannssonar, eiganda Orustustaða, vegna tafa á umsögn sveitarfélagsins og undirstofnanna þess, á rekstrarleyfisumsókn til sýslumanns, dagsettur, 21. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

47. 2209034 - Bréf frá Hreiðari Hermannssyni

Fyrir fundinum liggar bréf frá Hreiðari Hermannssyni, vegna Orustustaða, dagsett 21. september 2022.

Lagt fram til kynningar.

48. 2210012 - Bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, dagsett 26. september 2022.

Fyrir fundinum liggar afrit stjórnsýslukæru, ásamt fylgigögnum, þar sem kærður er dráttur á afgreiðslu sveitarstjórnar og undirstofnanna á umsögn til sýslumanns vegna umsónar um rekstrarleyfi fyrir gististarfsemi að Orustustöðum.

Lagt fram til kynningar.

49. 2210026 - Bréf Frá Sýslumanninum á Suðurlandi. vegna Orustustaða dagsett 10.10. 2022

Fyrir fundinum liggar bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, vegna umsóknar Hreiðars Hermannssonar, um rekstrarleyfi að Orustustöðum, fnr. 251-2239

Lagt fram til kynningar.

Fundinum var lokað.

50. 2210030 - Trúnaðarmál

Undir þessum lið greindi sveitarstjóri frá trúnaðarmálum.

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fundurinn opnaður að nýju.

BHS AL
SRI. J.H.
GRS

**Skýrsla sveitarstjóra:**

51. 2210027 - Skýrsla sveitarstjóra 481. fundur

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum.

Meðal annars greindi sveitarstjóri, frá því að hann hefði átt fund með forsætisráðherra, hér á Kirkjubæjarklaustri, þann 12. september sl. ásamt Birni Helga Snorrasyni, varaoddvita. Þar var meðal annars rædd uppbygging á Erró-setri, verndun húsa að Hólmi og fleiri þættir. Jafnframt átti hluti sveitarstjórnar fund með þingmönnum Suðurkjördæmis, þann 3. október sl. Ennfremur átti sveitarstjóri fund með menningarmálaráðherra, þann 13. október sl. ásamt Jóhannesi Gissurarsyni, oddvita, var þar rædd uppbygging á Erró-setri og fleiri þættir svo sem uppbygging ferðamannastaða ofl. Sveitarstjóri greindi frá því að sótt hefði verið um stofnframlög til HMS til byggingar á 2 íbúðaeiningum í raðhúsi. Ef styrkurinn fæst myndi íbúðaeiningarnar falla undir íbúðafélagið Brák ses, voru þessar umsóknir unnar í samstarfi við Hrafnsból ehf. Sveitarstjóri greindi frá því að hann hefði verið að reyna að vera í samskiptum við fjármálaráðuneytið, vegna kaupa sveitarfélagsins á landi ríkisins á Kirkjubæjarklaustri, ekki hefði það neitt gengið að fá svör frá ráðuneytinu. Sveitarstjóri greindi frá öðrum störfum sínum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. .19:27

Jóhannes Gissursson
Jóhannes GissurarsonBjörn Helgi Snorrason
Björn Helgi SnorrasónGunnar P. Sigmarsson
Gunnar Péter SigmássonAuður Guðbjörnsdóttir
Auður GuðbjörnsdóttirSveinn H. Jensson
Sveinn Hreiðar Jensson